

Reykjavík 24.10.2023

## **Flotinn – flakkandi félagsmiðstöð sumarið 2023 og vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík og nágrannasveitarfélaga.**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sótti um styrk s.l. vor til mennta- og barnamálaráðuneytis til að starfrækja og efla starfsemi Flotans – flakkandi félagsmiðstöðvar og vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík og nágrannasveitarfélaga sumarið 2023. Sótt var um 16 milljónir vegna verkefnisins frá júní til september sjá umsókn hér fyrir neðan. Styrkumsókn var samþykkt og starfsemin starfrækt í sumar og gott samstarf var við nágrannasveitarfélögin sem nýttu hluta styrkjarins í vettvangsstarf innan síns sveitarfélags og þátttöku í vettvangsstarfi Flotans.

Í sumar lagði Flotinn – flakkandi félagsmiðstöð áherslu á að vera sýnilegur unglíngum, kortleggja stöðuna í borginni og vera unglíngum í óþægilegum aðstæðum innan handar. Leitast var við að tengjast unglíngunum, leiðbeina og leita leiða til að tengja þau inn í frístundastarf eða aðra þjónustu eftir áhugasviði og þörfum. Starfsfólk Flotans var vel vakandi fyrir þeim stöðum þar sem óæskileg hópamyndun átti sér stað sem og erfiðar aðstæður vegna áhættuhegðunar eða utanaðkomandi aðstæðna. Góð tenging og jákvætt viðhorf unglínga til Flotans auðveldaði starfsmönnum Flotans að finna unglíngahópanna í hverfunum og einnig voru unglíngarnir duglegir að hafa samband og láta vita ef um ákveðna staði var að ræða þar sem neikvæð samskipti, slagmál eða annað var í bígerð. Starfsmenn Flotans fengu einnig ábendingar um staði sem gott væri að heimsækja úr hinum ýmsu áttum, þar á meðal frá fyrrum starfsfólki Flotans, frá starfsfólki félagsmiðstöðva í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum, frá foreldrum og beint frá unglíngunum sjálfum. Þá heimsótti starfsfólk einnig staði sem höfðu reynst vinsælir samkomustaðir unglínga undanfarin sumar.

Í sumar var vettvangsstarf Flotans starfrækt fjóra daga vikunnar frá 12:00 að hádegi til kl. 01:00 eftir miðnætti og lengur ef þörf var á og oftast ef á þurfti að halda. Starfsfólk Flotans fór á milli ýmissa fjölfarinna staða borgarinnar, ýmist fótgangandi, á rafmagnshlaupahjólum eða akandi á merktum bíl.

Flotinn hélt einnig viðburði þar sem meðal annars var boðið í pylsupartý og fjör, Stinger mót og körfuboltamót á „heitum“ stöðum í mismunandi hverfum til að hvetja til uppbyggilegrar hegðunar. Viðburðirnir voru auglýstir á samfélagsmiðlum Flotans og á samfélagsmiðlum annarra félagsmiðstöðva í Reykjavík. Viðburðirnir voru unglíngunum að kostnaðarlausu og þau þurftu ekki að skrá sig til að mæta og taka þátt.

Flotateymið skapaði góðar tengingar við unglíngana og vel tókst til að fá leiðtoga í hópunum til að vinna með og treysta starfsfólki Flotans. Flotinn hélt viðburði á stöðum þar sem stærrí hópar voru mikið að koma saman. Sem dæmi um slíka staði voru Laugardalurinn, Torgið í Efra-Breiðholti og Fellaskólalóð. Flotinn hvatti þá hópa sem þar voru mættir til að taka þátt í almennu félagsmiðstöðvastarfi eða öðru uppbyggilegu frístundastarfi.

Í lok hverrar vettvangsvaktar var unnin skýrsla/dagbók um stöðu mála og skráð hvaða staðir voru

heimsóttir, hversu marga unglunga Flotinn hitti á þessum stöðum og klukkan hvað. Á vöktum sumarsins hitti Flotinn á bilinu 70 – 400 unglunga og ungmenni daglega.

Í sumar var mikið um hópamyndanir meðal unglunga sem sýndu mikla áhættuhegðun. Því miður var mikið um ofbeldi, vopnaburð og vímuefnaneyslu hjá ákveðnum hópum. Töluvert var um að Flotinn hitti fullorðna menn í kringum unglingahópana þar sem áttu sér stað samskipti og aðstæður sem að unglingar eiga ekki að þurfa að upplifa. T.d. að eldri einstaklingar væru að fá unglungana til liðs við ákveðnar klíkur eða hreinlega til að selja fíkniefni fyrir þekktu fíkniefnasala. Reynt var að lokka unglungana til slíks með því að bjóða auðveldan peningagróða og aukna virðingu en þau sem eiga lítið bakland, eru jaðarsett í jafningjahópnum eða búa við álag í sínu félagsumhverfi eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað þetta varðar. Flotinn fylgdist vel með ákveðnum stöðum í borginni vegna ofbeldismála sem ítrekað komu upp og var í beinu sambandi við lögreglu vegna slíkra upþákoma.

Þetta er fyrsta sumarið sem Flotinn er starfandi í þessari mynd en starfsfólk Flotans var reynslumikið í starfi félagsmiðstöðva, hafði tengingar inn í ólíka unglingahópa og þekkti hlutverk sitt vel. Starfsfólkið kom úr þremur frístundarmiðstöðvum borgarinnar, Miðbergi, Brúnni og Tjörninni en að auki var að störfum tímavinnufólk úr félagsmiðstöðvunum sem leysti af á vöktum og komu þeir starfsmenn úr öllum hverfum borgarinnar og nágrennasveitarfélögunum. Það reyndist starfinu vel að hafa starfsfólk sem þekkti til breiðs hóps þegar að unglingarnir fóru á flakk milli borgarhluta og sveitarfélaga.

Flotinn átti í miklu og farsælu samstarfi við lögregluna sem og allar félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Í sumar hefði þurft vettvangsstarf fleiri kvöld vikunnar þó svo að Flotinn hafi verið starfandi fjögur kvöld í viku. Reynsla sumarsins sýndi mikilvægi þess að hafa vettvangsstarf á mánudagskvöldum en greinilegt var að ákveðnir hópar eða einstaklingar eru að lenda í erfiðum aðstæðum þau kvöld. Dagarnir voru rólegri en kvöldin og því mikilvægt að leggja meiri áherslu á að manna fleiri kvöld og mögulega stytta dagvaktir á móti eftir þörfum.

Flotinn var víða áberandi í sumar, meðal annars í fjölmiðlum. Í kjölfar pósta frá SFS og umfjöllun í fjölmiðlum urðu foreldrar mjög duglegir að heyra í Flotanum í gegnum tölvupóst, sms og símtöl þegar að þeirra unglingur fór að tala um hittinga, áflog eða annað. Einnig bárust ábendingar og hrós frá verslunareigendum á þeim svæðum sem mest álag var á vegna óæskilegra hópamyndana unglunga en Flotinn náði oft að hafa þar róandi áhrif á aðstæður.

Kópavogur, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnafjörður nýttu hluta styrkjarins til að sinna vettvangsstarfi í sínu sveitarfélagi og tóku einnig þátt í vettvangsstarfi Flotans í sumar í kringum stærri viðburði og bæjarhátíðir líkt og 17. júní, Gleðigöngunni, Menningarnótt, Í túninu heima og Hjarta Hafnarfjarðar o.fl. Unnið var í sameiningu að því að bregðast við hópasöfnun, afla upplýsinga og efla samstarf og samskipti vettvangsstarfsfólks milli sveitarfélaga.

Félagsmiðstöðvar skóla- og frístundasviðs borgarinnar hafa verið með mikil inngríp í unglingahópa s.l. sumar og nú í byrjun vetrar gagnvart unglungum sem sýnt hafa áhættuhegðun, bæði með því að starfrækja sértækt hópastarf auk hefðbundins félagsmiðstöðvastarfs og auknu vettvangsstarfi eftir lokun félagsmiðstöðva. Félagsmiðstöðvar hafa frumkvæði að samstarfi innan hverfa, milli hverfa og við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu m.a. til að bregðast við áhættuhegðun unglunga, setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglunga með annað móðurmál en íslensku. Unglingahóparnir sem sýna áhættuhegðun flakka á milli hverfa og sveitarfélaga.

Síðast liðin fjögur ár hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir að frumkvæði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur með fulltrúum frá Reykjanesbæ, Hafnafirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Akranesi, Árborg auk Reykjavíkur þar sem aðilar sem starfa að félagsmiðstöðvar- og

forvarnarmálum samstillta starfsemi sína og veita upplýsingar um stöðu mála í viðkomandi sveitarfélagi. Þessir fundir hafa þétt samstarf ofangreindra sveitarfélaga í forvarnavinnu og vettvangsstarfi. Frá ágúst s.l. hafa fulltrúar lögreglunnar einnig tekið þátt í þessum fundum og þannig hefur samstarf milli aðila eflst enn frekar.

Samstarfið í sumar var þétt og öflugt og mikilvægt að halda áfram á sömu braut og tryggja áframhaldandi starfsemi Flotans – flakkandi félagsmiðstöðvar.

**Fjárhagsuppgjör:**

Nágrannasveitarfélögin: 1,5 m. kr. vegna vettvangsstarfs í sínu sveitarfélagi og þátttöku í starfsemi Flotans.

Reykjavík: 14,5 m. kr. vegna fimm starfsmanna, þar af einn verkefnastjóri, sem störfuðu á vöktum frá júní til september í vettvangsstarfi. Einnig voru ráðnir inn viðbótar félagsmiðstöðvastarfrsmenn í tímavinnu á stærri viðburði sumarsins.

Virðingarfyllst,

Soffía Pálsdóttir

skrifstofustjóri frístundamála

skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 23. maí 2023

## Styrkumsókn vegna málefna barna í viðkvæmri stöðu

### ***Efni: Sótt er um styrk til að efla vettvangsstarf Flotans og félagsmiðstöðva í Reykjavík og nágrennasveitarfélaga***

Síðast liðin ár hefur borið meira á auknu ofbeldi, áhættuhegðun og óæskilegri hópamyndun meðal barna og ungmenna í hverfum borgarinnar og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Í vetur hafa komið upp alvarleg mál meðal unglunga og oft ofbeldi beitt.

Við innleiðingu á nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna var ákveðið í Reykjavík að innleiða verkefnið *Betri borg fyrir börn* í öll hverfi borgarinnar til að leggja áherslu á ný vinnubrögð í samskiptum þeirra sem veita börnum og fjölskyldum þjónustu. Í því verkefni er lögð er áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundaþjónustu og velferðarþjónustu í nærumhverfi barnanna, samhæfa og bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Í Reykjavík eru reknar fjórar miðstöðvar í Reykjavík þar sem skóla-, frístunda- og velferðarþjónusta er veitt og þar vinna aðilar þétt saman varðandi börn og unglunga sem eru í áhættuhópi eða glíma við margþættan vanda og áhersla lögð á samstarf og stuðning við foreldra.

Félagsmiðstöðvar skóla- og frístundasviðs borgarinnar hafa verið með mikil inngrip í unglingahópa s.l. sumar og vetur þ.e. til þeirra unglunga sem sýna áhættuhegðun bæði með því að starfrækja sértækt hópastarf auk hefðbundins félagsmiðstöðvastarfs og auknu vettvangsstarfi eftir lokun félagsmiðstöðva. Félagsmiðstöðvar hafa frumkvæði að samstarfi innan hverfa, milli hverfa og við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu m.a. til að bregðast við áhættuhegðun unglunga, setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglunga með annað móðurmál en íslensku. Unglingahóparnir sem sýna áhættuhegðun flakka á milli hverfa og sveitarfélag. Síðast liðin þrjú ár hafa verið haldnir mánaðarlegir fjarfundir að frumkvæði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur með fulltrúum frá Reykjanesbæ, Hafnafirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Akranesi auk Reykjavíkur þar sem aðilar sem starfa að félagsmiðstöðvarmálum samstillta starfsemi sína og veita upplýsingar um stöðu mála í viðkomandi sveitarfélagi. Þessir fundir hafa þétt samstarf ofangreindra sveitarfélaga í forvarnavinnu og vettvangsstarfi.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð er nýsköpunarverkefni sem varð til vegna styrkja sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fékk frá félagsmálaráðuneyti (2021 og 2022) og barna- og menntamálaráðuneyti (2022) til að auka félagsstarf yfir sumartímamann vegna barna í viðkvæmri stöðu vegna Covid-19.

Flotinn byggir á starfsaðferðum granna okkar Svía en starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa kynnt sér vettvangsvinnu meðal annars í Lundi og Gautaborg. Þær áskoranir sem verkefninu er ætlað að bregðast við eru: alvarlegur hegðunarvandi, aukin hópamyndun unglunga, skortur á félagslegu taumhaldi forráðamanna, erfiðar heimilisaðstæður og uppeldisskilyrði og aukin vanlíðan. Stutt er við foreldra þeirra barna sem vettvangsstarfið félagsmiðstöðvanna hefur afskipti af og þeim vísað í aðstoð hjá miðstöðvum velferðarþjónustu og Barnavernd í Reykjavík.

Starfsmenn Flotans vinna í teyrum og ferðast milli borgarhluta og eru til staðar þar sem unglingar eru að safnast saman á daginn, kvöldin og fram á nætur, virka daga sem um helgar. Staða mála er kortlögð og markvisst unnið að ná til unglunga sem ekki finna sig í hefðbundnum frístundatilboðum. Markhópur vettvangsstarfsins eru unglingar 12-16 ára sem ekki taka þátt í skipulögðu frístundastarfi, eiga í neikvæðum samskiptum, sýna áhættuhegðun og/eða kvíða og búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Um er að ræða þétt samstarf milli velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og Barnaverndar Reykjavíkur og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Sumarið 2022 störfuðu átta starfsmenn í Flotanum í júní, júlí og ágúst. Tvær vaktir sem að skiptust á að vera til staðar fyrir börn og unglunga í Reykjavík á daginn, kvöldin og um helgar. Frístundráðgjafar Flotans sinna vettvangsvinnu og tengjast unglungum í hverfum borgarinnar. Flotinn er viðbót við almennt starf félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva. Flotinn starfar þvert á borgina og er ekki bundinn við eitt ákveðið hverfi.

Í reglum um félagsmiðstöðvar kemur fram að félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.

Sjá handbók um vettvangsstarf félagsmiðstöðva

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/handbok\\_um\\_vettvangsstarf\\_felagsmidstodva.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/handbok_um_vettvangsstarf_felagsmidstodva.pdf)

Eins og áður sagði er mikill órói í mörgum hverfum borgarinnar og víðar í hópi unglunga á höfuðborgarsvæðinu og samráðshópur sveitarfélaga um forvarnar og frístundastarf áhyggjufullur vegna sumarsins sem framundan er þegar skóla nýtur ekki og meira los er á utanumhaldi um börn og unglunga. Sveitarfélögin s.l. sumur nýtt styrki frá félagsmálaráðuneyti (2021 og 2022) og barna- og menntamálaráðuneyti (2022) til að koma til móts við börn í viðkvæmri stöðu vegna Covid-19. Það er nauðsynlegt að halda því áfram í sumar að vinna með unglungum í margþættum vanda og nauðsynlegt að vettvangsvinna verði starfrækt í sumar og fram á haust til að grípa inn í og viðhalda samtali við foreldra unglunga þar sem ástæða er til.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sækir því um styrk til að efla vettvangsstarf Flotans og félagsmiðstöðva í Reykjavík og nágrennasveitarfélaga sumarið 2023 og fram á haust alls 16 milljónir króna. Kostnaður felst í launum eins verkefnastjóra sem yrði falin umsjón og stýring verkefnisins auk fjögurra félagsmiðstöðvastarfsmanna sem myndu starfa á vöktum, kvöld og helgar í sumar og fram á haust þegar skóli hefst aftur. Lögð verður áhersla á vettvangsstarf og að ná til barna og unglunga í áhættuhópi sem eru í viðkvæmri stöðu og hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Einnig verður lögð áhersla á samstarf við lögregluna í gegnum samfélagslögregluverkefnið. Samráð verður haft við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um verkefnið.

**Fjárhagsáætlun vegna Flotans frá júní til septemberloka**

Flotinn		Fjöldi	Fjöldi mánaða	
Verkefnastjóri	700.000	1	4	2.800.000
Félagsmiðstöðvastm.	550.000	4	4	8.800.000
Vaktaálag 30% félagsmiðstöðvastarismenn	210.000	1	4	840.000
Vaktaálag 30% verkefnastjóri	165.000	4	4	2.640.000
				15.080.000
<b>Akstur og rekstur</b>	920.000			920.000
				<b>16.000.000</b>